

PHS

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN, KALKOFNSVEGI 1, 150 REYKJAVÍK, Sími 91-699500

14. desember 1992

*Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi við Austurvöll*

Hér fara á eftir svör við þremur spurningum sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis beindi til Þjóðhagsstofnunar laugardaginn 12. desember síðastliðinn.

1. *Hver eru áhrif efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar á samkeppnisstöðu ferðaþjónustu?*

Áhrif efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar á ferðaþjónustu eru vandmetin. Þetta stafar bæði af því að erfitt er að skilgreina ferðaþjónustu nákvæmlega og álitamál er við hvað á að miða þegar áhrifin eru metin. Engu að síður má nálgast slíkt mat þótt fyrirvara þurfi að hafa á nákvæmni þess.

Áhrif aðgerðanna felast annars vegar í breytingum opinberra skatta og gjalda og hins vegar í lækkun á gengi krónunnar. Breytingar í skattlagningu eru einkum þessar (miðað við heilt ár, fjárhæðir í milljónum króna):

	Virðisaukaskattur	Aðstöðugjald	Tryggingagjald	Samtals
Veitingahús		-130	-68	-198
Gististaðir	170	-30	-45	95
Flugrekstur, fólks- flutningar	430	-140	-140	150
<b>Samtals</b>	<b>600</b>	<b>-300</b>	<b>-252</b>	<b>48</b>

Samkvæmt þessu hækka skattar á ferðaþjónustu um 48 milljónir króna nettó. Álagning virðisaukaskatts nemur um 600 milljónum króna en frá dragast 552 milljónir, þar af 300 vegna afnáms aðstöðugjalds og 252 vegna lækkunar tryggingagjalds. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á tvennt. Í fyrsta lagi koma þessar breytingar misjafnlega við einstakar greinar ferðaþjónustu. Skattalækkunin

skilar sér að fullu til veitingarekstrar en skattbyrði gististaða og flugrekstrar (og fólksflutninga) eykst. Í öðru lagi þarf að hafa í huga að í samanburði við aðrar greinar aukast skattar á ferðaþjónustu í raun um muninn á álagningu virðisaukaskatts og lækkun tryggingagjalds því afnám aðstöðugjalds snýr að öllu atvinnulífni.

Lækkun á gengi krónunnar styrkir að öðru jöfnu stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina. Raungengi krónunnar er allgöður mælikvarði á samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Þjóðhagsstofnun telur að raungengi krónunnar lækki um 5% milli ára 1992 og 1993 samanborið við spá um 1,6% fyrir efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar. Að mestu má rekja muninn á þessum spám til lækkunar á gengi krónunnar um 6% 23. nóvember síðastliðinn. Þessi lækkun skilar sér í aðalatriðum jafnt til útflutnings- og samkeppnisgreina.

2. *Hver eru áhrif efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar á innlenda bókagerð?*

Áætlað er að álagning virðisaukaskatts á bækur, blöð og tímarit skili ríkissjóði um það bil 800 milljónum króna á heilu ári. Þjóðhagsstofnun treystir sér ekki til að meta áhrifin á atvinnu og umsvif í greininni án ítarlegrar skoðunar á næmni greinarinnar gagnvart samkeppni erlendis frá.

3. *Í hverju felst munurinn á mati Þjóðhagsstofnunar og hagdeildar ASÍ á áhrifum efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar á kaupmátt ráðstöfunartekna?*

Muninn á mati hagdeildar ASÍ og Þjóðhagsstofnunar á áhrifum efnahagsaðgerða á kaupmátt ráðstöfunartekna má rekja til tveggja þátta að því er best verður séð. Í fyrsta lagi er tímaviðmiðun ólík. Í öðru lagi er munur á verðlagsforsendum.

Áætlun Þjóðhagsstofnunar miðast við breytingu frá meðaltali 1992 til meðaltals 1993, eins og venja er í þjóðhagslegu mati af þessu tagi. Í heild eru áhrif aðgerðanna á kaupmátt ráðstöfunartekna á mann metin um 3½% til lækkunar. Verðlagsáhrifin voru metin um 2½% til hækkunar þannig að verðbólga á næsta ári verður samkvæmt spá 4,5% í stað 2% án aðgerðanna.

Áætlun hagdeildar ASÍ byggir hins vegar á samanburði á áætludum ráðstöfunartekjum í nóvember 1992 og desember 1993. Tímaviðmiðunin er þannig allt önnur en í áætlun Þjóðhagsstofnunar. Af þessu má sjá að ákaflega erfitt er að bera saman þessar tvær áætlanir. Verðlagsspá ASÍ er einnig lægri en Þjóðhagsstofnunar sem einkum virðist mega rekja til mismunandi tímasetningar hækkana. Á hinn bóginn er mat ASÍ á skattahækkunum hærra.

Að lokum er rétt að taka fram að ýmsar forsendur spár Þjóðhagsstofnunar frá 23. nóvember síðastliðnum hafa breyst, einkum varðandi ríkisfjármálin. Þjóðhagsstofnun hefur ekki metið áhrif þessara breytinga í heild en líklega skiptir mestu máli að verðlagsáhrif breytinga á sköttum og þjónustugjöldum eru nokkru minni en samkvæmt upphaflegum áformum. Í þessu felst að spá stofnunarinnar um 4½% verðbólgu er í hærri kantinum og telja má á þeim forsendum sem nú liggja fyrir að 4% væri nær lagi. Eðli málsins samkvæmt ríkir hins vegar óvissa um verðbólguþspár af þessu tagi, ekki síst þegar saman fara viðamiklar breytingar á tekjuöflunarkerfi hins opinbera og um margt óvenjulegar aðstæður í þjóðarbúskapnum.

Virðingarfyllst,



Þórður Friðjónsson,

forstjóri